

Námskrá fyrir meistaranám í viðskiptalögfræði,
diplóma í fyrirtækjalögfræði, diplóma í samningatækni og sáttamiðlun



ML / MBL viðskiptalögfræði
Diplóma fyrirtækjalögfræði
Diplóma samningatækni og sáttamiðlun

Gildir skólaárið 2018 – 2019



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Nafn námskrár: Meistaránám í viðskiptalögfræði, diplómanám í viðskiptalögfræði

Tengiliður: Forseti félagsvísinda- og lagadeildar

Lengd náms: 1,5 – 2 ár (fimm til sex annir)

Fjöldi eininga: 90/120 ECTS, stig 2.1 (MBL) og stig 2.2 (ML) samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður frá 2011

4. útgáfa, desember 2018 birt m. fyrirvara um breytingar

Efnisyfirlit

| | | |
|---------------|---|----|
| 1. | Almennt um meistaranám í viðskiptalögfræði..... | 6 |
| 2. | Kennslufræði..... | 7 |
| 2.1. | Námsmat..... | 8 |
| 2.2. | Vendinám..... | 8 |
| 2.3. | Starfsnám..... | 9 |
| 2.4. | Alþjóðlegt nám..... | 9 |
| 3. | ML / MBL í viðskiptalögfræði..... | 10 |
| 3.1. | Lærdómsviðmið í ML / MBL viðskiptalögfræði..... | 10 |
| 3.1.1. | Þekking..... | 10 |
| 3.1.2. | Leikni..... | 11 |
| 3.1.3. | Hæfni..... | 11 |
| 3.2. | Námsframvinda í ML í viðskiptalögfræði..... | 12 |
| 3.3. | Námsframvinda í MBL í viðskiptalögfræði..... | 13 |
| 4. | Diplóma í fyrirtækjalögfræði..... | 14 |
| 4.1. | Lærdómsviðmið diplóma í fyrirtækjalögfræði..... | 15 |
| 4.1.1. | Þekking..... | 15 |
| 4.1.2. | Leikni..... | 15 |
| 4.1.3. | Hæfni..... | 15 |
| 4.2. | Námsframvinda í diplóma í fyrirtækjalögfræði..... | 15 |
| 5. | Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun..... | 16 |
| 5.1. | Námsframvinda í samningatækni og sáttamiðlun..... | 17 |
| 6. | Námskeiðslýsingar..... | 18 |
| 6.1. | Skyldunámskeið..... | 18 |
| 230.10.0.A10M | Almenn lögfræði..... | 18 |
| 230.5.0.STAF | Stjórnun og starfsmannahald..... | 20 |
| 230.10.0.SKUM | Skattlagning og skattaumhverfi fyrirtækja..... | 21 |
| 230.5.0.FAST | Fasteignaréttur..... | 22 |
| 230.5.0.FULL | Fullnusturéttarfar..... | 23 |
| 230.10.0.EREF | Einkamálaréttarfar..... | 24 |
| 230.5.0.STYF | Stofnun, samruni og yfirtaka fyrirtækja..... | 25 |
| 230.5.0.SAMN | Samningagerð..... | 27 |
| 236.5.NEGO | Samningatækni..... | 28 |
| 230.10.MALF | Málflutningur og skjalagerð..... | 29 |
| 236.5.0.MEDI | Sáttamiðlun..... | 30 |
| 230.30.0.MLRG | ML ritgerð..... | 31 |
| 236.5.0.ALGE | Alþjóðlegir gerðardómar..... | 32 |
| 6.2. | Valnámskeið..... | 33 |
| 230.5.0.LÖNY | Lögfræði og nýsköpun..... | 33 |

| | |
|---|-----------|
| <i>Námskeiðslýsing síðast yfirfarin af kennara og uppfærð 30. október 2018.....</i> | 33 |
| 230.5.0.VERK Verktaka- og útboðsréttur | 34 |
| 230.5.0.UMAU Umhverfis- og auðlindaréttur | 35 |
| 230.5.0.EUVR Evrópskur viðskiptaréttur | 37 |
| 230.5.0.MANN Mannréttindi..... | 38 |
| 230.5.0.ORKU Orkumálaréttur | 39 |
| 225.5.0.ALSK Alþjóðlegur skattaréttur | 41 |
| 230.5.0.HUGV Hugverka- og persónuréttur | 42 |
| 230.5.0.HALO Hagfræði og lög | 43 |
| 225.5.0.EFSK Efnahags- og skattalagabrot | 44 |
| 225.5.0.VASK Virðisaukaskattur | 45 |
| 230.5.0.KAUR Kauphallaréttur | 46 |

1. Almennt um meistaranám í viðskiptalögfræði

Meistaránám í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst er hagnýtt nám fyrir stjórnendur í atvinnulífi og fyrirtækjarekstri sem og afburða framhaldnám fyrir þá sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði. Náminu er ætlað að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífinu sem og veita þeim trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði.

Áhersla er á að þjálfa nemendur í fræðilegum og hagnýtum þáttum sem snúa að viðskiptaog rekstrarumhverfi fyrirtækja sem og í almennum lögfræðistörfum en rauði þráðurinn í náminu eru viðskiptatengdar greinar lögfræðinnar. Nemendur taka námskeið sem sérsniðin eru að þörfum atvinnumarkaðarins og snúa að lögfræðilegri hlið í rekstri fyrirtækja og skattlagningu, vinnurétti og samningagerð auk þess sem nemendur geta valið um að taka námskeið á sviði skattaréttar, fyrirtækjaréttar og/eða umhverfis- og orkumálaréttar.

Í öllu námi við Háskólann Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur öðlist reynslu af því að vinna sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna auk þess sem unnið er í hópi samnemenda að úrlausn stærri verkefna. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru krefjandi og umfangsmikil. Þá er ekki síður lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð í námi við Háskólann á Bifröst en því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, ábyrgri þátttöku og mannúðlegu samfélagi, hefur Háskólinn á Bifröst gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu.

Inntökuskilyrði í meistaranám er grunnháskólagráða (bakkalár), eða sambærileg menntun af hæfniprepi 1.2, sem að jafnaði hefur verið lokið með fyrstu einkunn (>7,25) eða jafngildi þess, sbr. 22. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst.

2. Kennslufræði

Í öllu námi á Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur geti annars vegar unnið sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna og hins vegar unnið í hópi samnemenda að rannsóknum og úrlausn stærri verkefna, kynnt þau og lagt í dóm kennara og samnemenda. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni.

Notaðar eru nútímakennsluaðferðir í skólanum, svo sem vendikennsla, sem gefur kennurum og nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni, allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Lotubundið skipulag kennslunnar skapar aukin tækifæri til að fá fagaðila erlendis frá til að kenna hluta úr eða heilt námskeið við háskólann. Reynt er að sjá til þess að á milli stuttra lotna sé einnar viku lotuhlé.

Námið er byggt upp í kringum raunhæf og raunveruleg verkefni sem nemendur vinna bæði í hópum og sjálfstætt. Hlutverk leiðbeinenda/kennara er að auðvelda og hjálpa til við námið með leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnuna á sama tíma og námsefnið er fléttað inn í starfið. Náms efni er jafnframt miðlað með gögnum og fyrirlestrum á vef og er markmiðið að nemendur geti nálgast efnið eftir því sem þeir þurfa á að því að halda.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og fela í sér leiðir til að efla gagnrýna, sjálfstæða og lausnamiðaða hugsun. Um er að ræða virkt nám og virka kennslu sem byggir á þátttöku nemenda og kennara/leiðbeinenda í virku, gagnrýnu og skapandi ferli. Fagleg nálgun og skipulag náms einkennist af því að búa til vettvang til samvinnu í þekkingarsköpun, miðlun þekkingar, hugmynda og lausna. Nemendur fá tækifæri til að móta eigin hugmyndir og vinna raunverulega með þær í samvinnu við aðra nemendur, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Áhersla er lögð á að námið sé reynsluferli þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að vera virkur og skapandi en jafnframt er lögð mikil áhersla á vinnu í teymum og verkefnastjórnun.

Símat í formi verkefnavinnu er stór hluti kennslu í meistaranámi og er einkennandi fyrir Háskólann á Bifröst. Í markmiðasetningu og stefnu skólans má sjá áherslur sem fela m.a. í sér eftirfarandi þætti:

- Kennslufræðilega sérstöðu sem felst í virku hópastarfi, þar sem nemendur þurfa að temja sér öguð vinnubrögð og samskipti, jafnframt því að frumkvæði nemandans sem einstaklings er virkjað og ýtt er undir skapandi og gagnrýna hugsun.
- Þjálfun nemenda við kynningu á hugmyndum sínum og vinnu, miðlun reynslu sinnar og þekkingar og rökræður þar um.
- Tíð verkefnaskil og nána vinnu með kennurum og öðrum nemendum, sem veitir náminu hagnýtt gildi, til viðbótar við almennar kröfur um skilning og þekkingu á fræðasviðinu.
- Tengsl við atvinnulíf þar sem nemendur vinna að raunhæfum verkefnum í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, auk möguleika á starfsnámi, þar sem nemendum er boðið upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Að baki hverri ECTS einingu er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Vinna nemenda felst í tímasókn, undirbúningi, verkefnavinnu og þátttöku í námsmati. Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fylgir *Reglum um nám og kennslu* sem má finna í gæðahandbók skólans (sjá F110). Þar má líka finna prófareglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókina er að finna undir þessari slóð <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/gaedamal/fylgiskjol/>

2.1. Námsmat

Námsmat er margþætt og styður við markmið námsins um öguð vinnubrögð og skapandi hugsun. Lögð er áhersla á sjálfsmat, umsagnir samstarfsaðila, jafningjamat og mat kennara og leiðbeinanda. Eftir atvikum eru einnig notaðar sérstakar matsskýrslur, próf og kynningar, en sérstök áhersla er lögð á að námsmatið feli í sér endurlit nemenda á eigin verkefni og reynslu. Þetta er gert í með dagbókaskrifum á mismunandi formi, möppu með eigin verkum nemenda og endurgjöf leiðbeinanda sem fylgir þróun nemenda í náminu. Námsmatið fer einnig fram með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga og fólks úr atvinnulífi sem tengast vinnslu verkefna. Nemendur kynna og verja stærri verkefni í náminu og er sú vörn hluti af námsmati í formi munnlegs prófs og skýrslugerðar.

Lokaverkefnið er stærsta verkefni námsins og jafnframt útskriftarverkefni. Lokaverkefnið skal tengjast því sviði sem nemandi hefur áhuga á að sérhæfa sig á og við vinnslu lokaverkefnis er mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð sem sýna tækni nemandans á sérsviði sínu og heildstæðan skilning á verkefnaskipulagi og framleiðsluferli. Undirbúningur fyrir lokaverkefni fer fram í gegnum allt námið en verkefnið er einstaklingsverkefni undir stjórn leiðbeinanda.

2.2. Vendingám

Öll kennsla við Háskólann á Bifröst fer fram í vendikennslu. Rafrænir fyrirlestrar og kennsluefni í hverju námskeiði er aðgengilegt nemendum á innri vef skólans og nemendur geta þannig skipulagt hvenær þeir hlusta á efni frá kennara eftir því hvað hentar hverju sinni. Lykilatriði er að hlusta á efni frá kennara áður en hafist er handa við verkefnavinnu. Skólinn leggur áherslu á að samhæfa efnið við margskonar búnað, þannig að nemendur geta t.d. hlustað á fyrirlestra í MP3 spilurum, horft á þá í spjaldtölvum, snjallsímum, far- eða borðtölvum allt eftir hentugleikum hvers og eins.

Í hverju námskeiði er gert ráð fyrir a.m.k. einum fundi nemenda ásamt kennara á Bifröst á vinnuhelgi. Vinnuhelgar eru mikilvægur þáttur í náminu á Bifröst. Þær eru notaðar til að miðla frekari fræðslu og þekkingu, verkefnavinnu og samskiptapjálfunar. Nauðsynlegt er að nemendur hagi málum þannig að þeir geti mætt á vinnuhelgar og tekið fullan þátt í kynningum, gagnrýnni umræðu og öðru sem fram fer. Öll aðstaða og aðbúnaður fyrir nemendur er eins og best verður á kosið. Reynt er að koma til móts við nemendur sem eru búsettir erlendis með sérstökum tæknilausnum eða sérverkefnum.

Próf eru haldin á fjölmörgum stöðum víða um heim. Á Íslandi eru próf m.a. haldin á símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið og erlendis geta nemendur tekið próf t.d. í sendiráðum, ræðismannsskrifstofum eða í háskólum. Um prófstaði erlendis er nauðsynlegt að hafa samráð við prófstjóra.

2.3. Starfsnám

Til að efla tengsl við atvinnulífið og við fyrirhugaðan starfsvettvang nemenda hefur Háskólinn á Bifröst byggt upp starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Nemendur sem sýnt hafa fram á góðan námsárangur, frumkvæði og sjálfstæða hugsun geta sótt um að komast í starfsnám á námstímanum. Nemendur í meistaranámi verða að hafa lokið a.m.k. 30 ECTS og hafa fyrstu einkunn til að eiga möguleika á að komast í starfsnám. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en er ígildi 5 ECTS fyrir fjórar vikur (160 klukkustundir). Í sérstökum tilvikum er hægt að samþykka starfsnám sem er lengra en fjögurra vikna viðmiðið. Fjöldi ECTS fyrir starfsnám, sem hluti af 90 ECTS mastersgráðu, getur þó aldrei orðið meiri en 10 ECTS. Hægt er að sækja um starfsnám til umsjónarmanns starfsnáms á háskólaskrifstofu skólans. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvenær er óskað eftir að komast að í starfsnám og hver eru helstu áhugasvið umsækjanda.

2.4. Alþjóðlegt nám

Áhersla Bifrastar á alþjóðleg tengsl birtist í öflugum samstarfi við erlenda háskóla. Þetta kemur fram í faglegum og fræðilegum tengslum akademískra starfsmanna skólans við erlenda starfsfélaga og í samningum skólans við háskóla um allan heim um móttöku skiptinema. Nemendum í grunnnámi við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar erlendis. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinemum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á. Nokkuð er um að nemendur í meistaranámi fari í skiptinám í eina önn þótt það sé í minni mæli en í grunnnámi.

Alþjóðafulltrúi er nemendum til aðstoðar varðandi umsóknir um skiptinám, en nemendur bera ábyrgð á eigin námsframvindu. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinemum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla og er einnig með marga tvíhliða samninga við valda háskóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í *University of the Arctic* (UArctic) sem er samstarf nokkurra háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Auk þess sem Bifröst tekur þátt í *north2north* skiptinemasamstarfi á vegum UArctic.

3. ML / MBL í viðskiptalögfræði

ML/MBL námið er kennt í fjarnámi en Háskólinn á Bifröst hefur áralanga reynslu í háskólakennslu í fjarnámi bæði í grunn- og meistaranámi. Námið er skipulagt í lotum og er hver lota sjö vikur, þar sem kennt er í sex vikur og námsmat fer fram í þeirri sjöundu. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. þrettán vikur; tólf vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að þeim námskeiðum sem tekin eru hverju sinni og álag verður jafnara yfir önnina.

Þau sem ljúka námi án meistararitgerðar ljúka MBL gráðu í viðskiptalögfræði sem uppfyllir skilyrði um viðbótarpróf á meistarastigi, þrep 2.1 samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011. Námið veitir aðgang að framhaldsmenntun á meistarastigi sem takmarkast þó af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda ECTS í hverri námsgrein, lágmarkseinkunnir og fleira. Munurinn á ML gráðu og MBL gráðu felst í því að MBL gráða telst ekki fullnaðarpróf í lögfræði og er því ekki grunnur að lögmannsréttindum né að doktorsnámi í lögfræði.

Nemendur sem ekki hafa grunngráðu í lögfræði þurfa að ljúka 10 ECTS námskeiði í almennri lögfræði sem hluta af MBL náminu og skulu skrá sig í það námskeið á fyrstu haustönn eftir að þeir hefja nám. Til þess að öðlast ML gráðu í viðskiptalögfræði þurfa nemendur að ljúka meistararitgerð en ML gráðan uppfyllir skilyrði um meistarapróf, þrep 2.2, samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011. Námið veitir aðgang að framhaldsmenntun á meistara- og doktorsstigi sem kann þó að takmarkast af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda ECTS í hverri námsgrein, lágmarkseinkunnir og fleira.

Að baki einni ECTS er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemanda. Til þeirrar vinnu telst allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, fyrirlestrar og allt það sem talist getur til vinnu nemanda við námskeiðið.

3.1. Lærdómsviðmið í ML / MBL viðskiptalögfræði

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

3.1.1. Þekking

- Nemandi hafi öðlast þjálfun í fræðilegum og hagnýtum þáttum sem snúa að úrlausn lögfræðilegra álitaefna í tengslum við viðskiptagjörninga sem og í lögfræði- og ráðgjafarstörfum.
- Nemandi hafi aukið, dýpkað og tileinkað sér ákveðna sérþekkingu á sviði viðskiptalögfræði sem byggist á nýjustu upplýsingum og rannsóknum.

- Nemandi þekki og skilji alla helstu þætti er viðkoma rekstri fyrirtækja á lagalegum grundvelli og átti sig á mikilvægi ábyrgra og heiðarlegra viðskiptahátta. Að auki skal nemandi sem lýkur ML gráðu með meistararitgerð:
- Hafa aflað sér þekkingar með rannsókn, kynningu og vörn á eigin rannsóknarefni.
- Nemandi skilji mikilvægi faglegra og vandaðra vinnubragða í rannsóknum.

3.1.2. Leikni

- Nemandi hafi getu og hæfni til þess að afla og greina viðeigandi gögn og heimildir og rökstyðja lögfræðilega niðurstöðu.

Að auki skal nemandi sem lýkur ML gráðu með meistararitgerð:

- Geta beitt rannsóknaraðferðum lögfræðinnar.
- Hafa tileinkað sér vinnubrögð til að hefja doktorsnám (þriðja þrep).

3.1.3. Hæfni

- Nemandi geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á lögfræðilegum grunni.
- Nemandi hafi öðlast hæfni til að skrifa lagalegan texta sem nýtist honum í starfi.
- Nemandi geti rökrætt og tjáð sig með skýrum hætti um lagaleg úrlausnarefni á faglegan máta, hvort heldur sem er á opinberum eða fræðilegum vettvangi, og komið fram með lausn í samræmi við viðurkenndar kenningar og aðferðafræði.

Að auki skal nemandi sem lýkur ML gráðu með meistararitgerð:

- Hafa þekkingu og skilning á lögfræði og geti tekist á við störf í stjórnslunni og grunn til þess að afla sér málflutningsréttinda..

3.2. Námsframvinda í ML í viðskiptalögfræði

| Námsferill eftir önnum og námsárum – ML í viðskiptalögfræði | | | | | |
|--|-------------|-------------|--|-------------|-------------|
| Haust 1. ár | ECTS | Lota | Vor 1. ár | ECTS | Lota |
| Stjórnun og starfsmannahald | 5 | 1 | Valnámskeið | 5 | |
| Valnámskeið | 5 | 1 | Fullnusturéttarfar | 5 | 1 |
| Skattlagning og skattaumhverfi fyrirtækja | 10 | Löng | Einkamálaréttarfar | 10 | Löng |
| Fasteignaréttur | 5 | 2 | Stofnun, samruni og yfirtaka fyrirtækja | 5 | 2 |
| Valnámskeið | 5 | 2 | Valnámskeið | 5 | |
| | 30 | | | 30 | |
| Haust 2. ár | ECTS | Lota | Vor 2. ár | ECTS | Lota |
| Samningagerð | 5 | 1 | ML-ritgerð | 30 | Löng |
| Val: Samingataekni | 5 | 1 | | | |
| Málflutningur og skjalagerð | 10 | Löng | | | |
| Val: Sáttamiðlun | 5 | 2 | | | |
| Valnámskeið | 5 | | | | |
| | 30 | | | 30 | |

Eftirfarandi valnámskeið eru kennd annað hvert ár sem hér segir:

| Valnámskeið haustönn 2018 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2019 | ECTS |
|----------------------------------|-------------|--------------------------------|-------------|
| Lögfræði og nýsköpun | 5 | Evrópskur viðskiptaréttur | 5 |
| Verktaka- og útboðsréttur | 5 | Mannréttindi | 5 |
| Umhverfis- og auðlindaréttur | 5 | Orkumálaréttur | 5 |
| | | | |
| Valnámskeið haustönn 2019 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2020 | ECTS |
| Alþjóðlegir gerðardómar | 5 | Hagfræði og lög | 5 |
| Alþjóðlegur skattaréttur | 5 | Efnahags- og skattalagabrot | 5 |
| Hugverka- og persónuréttur | 5 | Virðisaukaskattur | 5 |
| | | Kauphallaréttur | 5 |

3.3. Námsframvinda í MBL í viðskiptalögfræði

| Námsferill eftir önnum og námsárum – MBL í viðskiptalögfræði | | | | | |
|---|-------------|-------------|--|-------------|-------------|
| Haust 1. ár | ECTS | Lota | Vor 1. ár | ECTS | Lota |
| Valnámskeið | 5 | | Valnámskeið | 5 | |
| Stjórnun og starfsmannahald | 5 | 1 | Fullnusturéttarfar | 5 | 1 |
| Skattlagning og skattaumhverfi fyrirtækja | 10 | Löng | Val: Einkamálaréttarfar | 10 | Löng |
| Fasteignaréttur | 5 | 2 | Stofnun, samruni og yfirtaka fyrirtækja | 5 | 2 |
| Valnámskeið | 5 | | Valnámskeið | 5 | |
| | 30 | | | 30 | |
| Haust 2. ár | ECTS | Lota | | | |
| Samningagerð | 5 | 1 | | | |
| Val: Samingataekni | 5 | 1 | | | |
| Val: Málflutningur og skjalagerð | 10 | Löng | | | |
| Val: Sáttamiðlun | 5 | 2 | | | |
| Valnámskeið | 5 | | | | |
| | 30 | | | | |

Eftirfarandi valnámskeið eru kennd annað hvert ár sem hér segir:

| Valnámskeið haustönn 2018 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2019 | ECTS |
|----------------------------------|-------------|--------------------------------|-------------|
| Lögfræði og nýsköpun | 5 | Evrópskur viðskiptaréttur | 5 |
| Verktaka- og útboðsréttur | 5 | Mannréttindi | 5 |
| Umhverfis- og auðlindaréttur | 5 | Orkumálaréttur | 5 |
| | | | |
| Valnámskeið haustönn 2019 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2020 | |
| Alþjóðlegir gerðardómar | 5 | Hagfræði og lög | 5 |
| Alþjóðlegur skattaréttur | 5 | Efnahags- og skattalagabrot | 5 |
| Hugverka- og persónuréttur | 5 | Virðisaukaskattur | 5 |
| | | Kauphallaréttur | 5 |

4. Diplóma í fyrirtækjalögfræði

Diplómanám í fyrirtækjalögfræði við Háskólann á Bifröst er hagnýtt nám fyrir stjórnendur í atvinnulífi og fyrirtækjarekstri sem vilja skapa sér sérstöðu, auka þekkingu sína og sérhæfa sig á sviði viðskiptalögfræði. Áhersla er á að þjálfna nemendur í fræðilegum og hagnýtum þáttum sem snúa að viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja en rauði þráðurinn í náminu eru viðskiptatengdar greinar lögfræðinnar. Nemendur taka námskeið sem sérsniðin eru að þörfum atvinnumarkaðarins og snúa að lögfræðilegri hlið í rekstri fyrirtækja og skattlagningu, vinnurétti og samningagerð.

Í öllu námi við Háskólann Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur öðlist reynslu af því að vinna sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna auk þess sem unnið er í hópi samnemenda að úrlausn stærri verkefna. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru krefjandi og umfangsmikil. Þá er ekki síður lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð í námi við Háskólann á Bifröst en því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, ábyrgri þátttöku og mannúðlegu samfélagi, hefur Háskólinn á Bifröst gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu.

Inntökuskilyrði í meistaranám er grunnháskólagráða (bakkalár), eða sambærileg menntun af hæfniprepi 1.2, sem að jafnaði hefur verið lokið með fyrstu einkunn (>7,25) eða jafngildi þess, sbr. 22. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst.

Diplómanám í fyrirtækjalögfræði uppfyllir skilyrði um viðbótarpróf á meistarastigi, þrep 2.1 samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011. Námið veitir aðgang að framhaldsmenntun á meistarastigi sem takmarkast þó af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda eininga í hverri námsgrein, lágmarkseinkunnir og fleira.

Skipulag námsins er þannig að 30 ECTS er skipt yfir þrjár annir þannig að nemendur geti samhliða sinnt öðrum störfum en að baki hvernar ECTS einingar er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Til þeirrar vinnu telst allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, fyrirlestrar og allt það sem talist getur til vinnu nemenda við námskeiðið.

Námið er skipulagt í lotum og er hver lota sjö vikur, þar sem kennt er í sex vikur og námsmat fer fram í þeirri sjöundu. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. þrettán vikur; tólf vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að þeim námskeiðum sem þeir taka hverju sinni og álag á þá verður jafnara yfir önnina.

4.1. Lærdómsviðmið diplóma í fyrirtækjalögfræði

Lokaviðmið námsleiðar eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

4.1.1. Þekking

- Nemandi hafi öðlast þjálfun í fræðilegum og hagnýtum þáttum sem snúa að úrlausn lögfræðilegra álitaefna í tengslum við viðskiptagjörfninga.
- Nemandi þekki og skilji alla helstu þætti er viðkoma rekstri fyrirtækja á lagalegum grundvelli og átti sig á mikilvægi ábyrgra og heiðarlegra viðskiptahátta.

4.1.2. Leikni

- Nemandi hafi getu og hæfni til þess að afla og greina viðeigandi gögn og heimildir og rökstyðja lögfræðilega niðurstöðu.

4.1.3. Hæfni

- Nemandi geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á lögfræðilegum grunni.
- Nemandi geti rökrætt og tjáð sig um lagaleg úrlausnarefni á faglegan máta.

4.2. Námsframvinda í diplóma í fyrirtækjalögfræði

Námsferill eftir önnum og námsárum – Fyrirtækjalögfræði

| Haut 1. ár | ECTS | Lota | Vor 1. ár | ECTS | Lota | Haut 2. ár | ECTS | Lota |
|---|------|------|---|------|------|-------------|------|------|
| Stjórnun og starfsmannahald | 5 | 1 | Fullnusturéttarfar | 5 | 1 | Samingagerð | 5 | 1 |
| Skattlagning og skattaumhverfi fyrirtækja | 10 | Löng | Stofnun, samruni og yfirtaka fyrirtækja | 5 | 2 | | | |
| | 15 | | | 10 | | | 5 | |

5. Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun

Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun. Námið veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti en stjórnendur sem nýta sér aðferðafræði sáttamiðlunar eru líklegri til að verða hæfari stjórnendur, spara tíma og fjármuni og ná fram settum markmiðum.

Eins er diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun gagnlegt öllum þeim sem vilja tileinka sér hagnýtar aðferðir til samninga. Aðferðir sáttamiðlunar fá stöðugt aukið vægi við að leysa úr deilumálum, hvort heldur sem er í deilumálum málsaðila, í eða í hinu daglega lífi.

Í öllu námi við Háskólann Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur öðlist reynslu af því að vinna sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna auk þess sem unnið er í hópi samnemenda að úrlausn stærri verkefna. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru krefjandi og umfangsmikil. Þá er ekki síður lögð áhersla á samfélagslega ábyrgð í námi við Háskólann á Bifröst en því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, ábyrgri þátttöku og mannúðlegu samfélagi, hefur Háskólinn á Bifröst gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu.

Námið byggist á fjórum skyldunámskeiðum (20 ECTS) og 10 ECTS í vali (sjá tölfu á næstu blaðsíðu). Nemendur geta að mestu ráðið því hvenær þeir taka valeiningarnar.

Inntökuskilyrði í meistaranám er grunnháskólagráða (bakkalár), eða sambærileg menntun af hæfniprepi 1.2, sem að jafnaði hefur verið lokið með fyrstu einkunn (>7,25) eða jafngildi þess, sbr. 22. gr. reglugerðar Háskólans á Bifröst.

Námið er skipulagt í lotum og er hver lota sjö vikur, þar sem kennt er í sex vikur og námsmat fer fram í þeirri sjöundu. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. þrettán vikur; tólf vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að þeim námskeiðum sem þeir taka hverju sinni og álag á þá verður jafnara yfir önnina.

5.1. Námsframvinda í samningatækni og sáttamiðlun

Nemendur taka 15 ECTS á önn. Á haustönn geta nemendur valið ýmist tvö 5 ECTS námskeið EDA eitt 10 ECTS námskeið. Á vorönn geta nemendur valið þrjú 5 ECTS námskeið eða eitt 5 ECTS námskeið og eitt 10 ECTS námskeið. Valnámskeiðin málflutningur og skjalagerð, einkamálaréttarfar og fullnusturéttarfar eru kennd á hverju ári (sjá einnig önnur námskeið sem kennd eru í ML / MBL-námi í viðskiptalögfræði). Önnur valnámskeið eru kennd annað hvert ár (sjá í töflu fyrir neðan námsframvindu).

| Námsferill eftir önnum og námsárum – Samningatækni og sáttamiðlun | | | | | | | | |
|--|-------------|-------------|--------------------------------|-------------|-------------|----------------------|-------------|-------------|
| Haust 1. ár | ECTS | Lota | Vor 1. ár | ECTS | Lota | Haust 2. ár | ECTS | Lota |
| Alþjóðlegir gerðardómar | 5 | 1 | Val: Fullnusturéttarfar | 5 | 1 | Samingagerð | 5 | 1 |
| Valnámskeið | 5 | 1/2 | Val: Einkamálaréttarfar | 10 | Löng | Samningatækni | 5 | 1 |
| Val: Málflutningur og skjalagerð | 10 | Löng | Valnámskeið | 5 | 2 | Sáttamiðlun | 5 | 2 |
| | 15 | | | 15 | | | 15 | |

Eftirfarandi námskeið eru kennd annað hvert ár sem hér segir:

| Valnámskeið haustönn 2018 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2019 | ECTS |
|----------------------------------|-------------|--------------------------------|-------------|
| Lögfræði og nýsköpun | 5 | Evrópskur viðskiptaréttur | 5 |
| Verktaka- og útboðsréttur | 5 | Mannréttindi | 5 |
| Umhverfis- og auðlindaréttur | 5 | Orkumálaréttur | 5 |
| | | | |
| Valnámskeið haustönn 2019 | ECTS | Valnámskeið vorönn 2020 | |
| Alþjóðlegir gerðardómar | 5 | Hagfræði og lög | 5 |
| Alþjóðlegur skattaréttur | 5 | Efnahags- og skattalagabrot | 5 |
| Hugverka- og persónuréttur | 5 | Virðisaukaskattur | 5 |
| | | Kauphallaréttur | 5 |

6. Námskeiðslýsingar

6.1. Skyldunámskeið

Athugið: Misjafnt er eftir námslínu hvort eftirfarandi námskeið eru val eða skylda. Vinsamlegast athugið töflur með námsframvindum einstakra námslína í köflunum hér að ofan

230.10.0.A10M Almenn lögfræði

ECTS: 10

Önn og lengd: Haustönn, löng lota

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið er fyrir meistarnema með aðra grunngráðu en lögfræði og meginviðfangsefni þess er hin lagalega aðferð eða aðferðafræðin við að finna og beita lagareglum. Námskeiðið skiptist í tvo hluta; annars vegar réttarheimildafræði (60%) og hins vegar lögskýringarfræði og aðferðarfræði rannsókna (40%).

Réttarheimildafræði:

Meginmarkmið þessa námskeiðspáttar lýtur að því að nemandi þekki og skilji lagalega aðferð og heimildir réttarins. Fengist er við hina lagalegu aðferð með áherslu á réttarheimildirnar. Lögfræði sem fræðigrein er kynnt, fjallað um fræðikerfi lögfræðinnar og ýmis grundvallarhugtök. Meginviðfangsefnið lýtur að heimildum íslensks réttar og ítarlega verður því fjallað um réttarheimildarhugtakið og tegundir réttarheimilda. Þá verður fjallað um handhafa ríkisvaldsins og mismunandi aðkomu þeirra að mótun réttarreglna. Einnig verður vikið að tengslum lands- og þjóðaréttar.

Lögskýringafræði:

Meginmarkmið þessa námskeiðspáttar lýtur að því að nemandi þekki og skilji beiti viðurkenndum aðferðum við skýringu og túlkun settra laga. Áfram er fengist við hina lagalegu aðferð eða nánar tiltekið þann hluta hennar sem fjallar um aðferðarfræðina við að túlka og beita settum lagareglum. Meginviðfangsefnið lýtur þannig að helstu aðferðum við skýringu réttarheimildarinnar settra laga. Farið verður yfir grunnforsendur og kenningar, aðferðir og sjónarmið lögskýringa, lögskýringarleiðir, forgangsreglur og lagaskil.

Aðferðarfræði rannsókna:

Meginmarkmið þessa námskeiðspáttar lýtur að því að þjálfari nemandi í aðferðarfræði lögfræðinnar og hvaða aðferðum skuli beita þegar unnið er að lögfræðilegum rannsóknum. Félagsvísindaleg aðferð er kynnt og borin saman við hina lagalegu aðferð. Skerpt er á sérstöðu hinnar lagalegu

aðferðar en því jafnframt velt upp hvort og þá hvernig unnt sé að framkvæma þverfaglegri rannsóknir með því að samþætta almenna aðferðarfræði félagsvísinda við aðferðarfræði lögfræðinnar. Áhersla er lögð lögfræðilega rannsóknarvinnu, þ.e. lagalega gagnaleit, heimildameðferð og heimildamat, og namar æfðir í gerð rannsóknaráætlana.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Hafa öðlast skilning á lögfræði sem fræðigrein, þekkja og geta útskýrt fræðikerfi lögfræðinnar og ýmis grundvallarhugtök.
- Þekkja og geta gert grein fyrir og beitt réttarheimildum íslensks réttar.
- Þekkja og geta beitt lögfræðilegum aðferðum við túlkun lagaákvæða og réttarreglna.
- * Þekkja og geta beitt lögfræðilegum aðferðum við úrlausn lögfræðilegra úrlausnarefna.

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Hafa öðlast nægilega þekkingu til þess að geta greint lögfræðileg úrlausnarefni
- Geta leyst raunhæf verkefni þar sem reynir á beitingu réttarheimilda og helstu aðferðir við lagatúlkun.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um aðferðafræði lögfræðinnar.

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um grundvallarsjónarmið sem lýst er í fræðilegum skrifum á þessu réttarsviði.
- Geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga á þessu sviði og nýtt sér þær til þess að greina og leysa úrlausnarefni.

Námskeiðslýsing yfirfarin af kennara og uppfærð 26. október 2018

230.5.0.STAF Stjórnun og starfsmannahald

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota

Kennari: Sonja Ýr Þorbergsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Þverfaglegt námskeið á sviði vinnuréttar, starfsmannaréttar, mannauðsstjórnunar og að nokkru leyti vinnumarkaðsfræða. Fjallað er um reglur sem leiða af ráðningarsambandi starfsmanns og atvinnurekanda ásamt reglum um samskipti aðila vinnumarkaðarins svo sem gerð kjarasamninga og vinnustöðvanir á almennum og opinberum vinnumarkaði. Jafnframt er fjallað um ákvarðanatöku stjórnenda í tengslum við mannauð. Farið er yfir helstu þætti mannauðsstjórnunar s.s. starfsgreiningu, ráðningarferlið, þjálfun, frammistöðumat og starfslok. Þá er fjallað um stöðu þekkingar í tengslum við vikulegt umfjöllunarefni.

Lærdómsviðmið

Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Nemandi þekki reglur sem gilda um vinnumarkaðinn og um réttindi og skyldur starfsmanna og atvinnurekenda.
- Nemandi hafi skilning á áður nefndum reglum, eðli þeirra og tilgangi.

Leikni

- Nemandi geti beitt þeim reglum er gilda um vinnumarkaðinn við raunverulegar aðstæður.

Hæfni

- í sjálfstæðum vinnubrögðum í námi sem starfi
- geti aflað sér frekari upplýsinga og kunnáttu til greina hvaða aðferðir mannauðsstjórnunar beri að líta til við ákvörðunartöku sem byggja á heimfærslu réttarreglna við aðstæður.

Námskeiðslýsing yfirfarin af kennara 30. október 2018

230.10.0.SKUM Skattlagning og skattaumhverfi fyrirtækja

ECTS: 10

Önn og lengd: Haustönn, löng lota

Kennari: KPMG (*umsjón:* Ingibjörg Ingvadóttir)

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði verður almenn umfjöllun um skattlagningu atvinnurekstrar, bæði hjá lögaðilum og einstaklingum og fjallað um fræðigreininna skattarétt. Farið verður yfir hlutverk skatta og skattvitund, skatthugtakið og tengsl þess við stjórnarskrána, lögfræðilegan efniðvið, réttarheimildir og lögskýringar. Jafnframt verður fjallað um hlutverk skattayfirvalda, stjórnsýslu skattamála og „skattaréttarfar“, ásamt því að kryfja atvinnurekstrarhugtakið og skoða fyrirtækjaskattlagningu. Að sama skapi verður farið í umfjöllun um skattaðild og skattlagningu mismunandi félagaforma, samsköttun félaga, breytingu rekstrarforma og áhrif á skattlagningu og skattaréttarlegan samruna fyrirtækja, skiptingu og samsköttun. Rætt verður um skattskildar tekjur í rekstri skv. tsl., tekjuskattsstofn fyrirtækja, frádráttarbær gjöld í rekstri samkvæmt tsl., og virðisaukaskatt. Að endingu verður farið yfir helstu atriði varðandi skattsvik, skattasniðgöngu, skattaskipulagningu og skattarefsirétt, ásamt umfjöllun um aðra skatta.

Lærdómsviðmið

Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Að hafa kynnt sér meginatriði varðandi skattlagningu atvinnurekstrar
- Hafa innsýn inni fræðigreininna skattarétt, hlutverk skatta, skatthugtakið, réttarheimildir og lögskýringar
- Hafa kynnt sér hlutverk skattayfirvalda, stjórnsýslu skattaréttarmála og skattaréttarfar
- Þekkja meginatriði í fyrirtækjaskattlagningu, skattlagningu mismunandi félagaforma, skattalegan samruna fyrirtækja, skiptingu og samsköttun
- Hafa kynnt sér megininntak skattskildra tekna í rekstri, tekjuskattsstofn fyrirtækja, frádráttarbær gjöld og virðisaukaskatt
- Þekkja helstu atriði varðandi skattsvik, skattasniðgöngu, skattaskipulagningu og skattarefsirétt

Leikni

- Kemur síðar

Hæfni

- Kemur síðar

230.5.0.FAST Fasteignaréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota

Kennari: Fróði Steingrímsson

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu er fjallað nánar um afmörkuð svið eignaréttar með áherslu á réttarreglur um fasteignir. Meðal mikilvægs efnis er eignarhugtakið, eignarréttarvernd, eignarnám og ákvörðun eignarnámsbóta sem og almennar takmarkanir eignarráða. Þá verður sjónum beint að eignarhaldi á fasteignum og m.a. fjallað um mörk fasteigna og flokkun, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Einnig er fjallað sérstaklega um eignarréttarleg álitafni varðandi auðlindir.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Hafa öðlast skilning á og geta gert grein fyrir eðli og inntaki eignarréttarins og þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar reglum um eignarréttarvernd, eignarnám og almennar takmarkanir eignarráða .
- Kunna skil á og geta beitt reglum um skilyrði og framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta.
- Þekkja og geta beitt þeim reglum sem gilda um eignarhald á fasteignum og hafa öðlast innsýn í og geta útskýrt þau lögfræðilegu álitafni sem helst hafa verið uppi í íslensku samfélagi varðandi eignarhald á fasteignum og rétt til ráðstöfunar og nýtingar auðlinda.

Leikni

- Unnið með heimildir á sviði eignarréttar til að leysa fræðileg og hagnýt viðfangsefni.
- Að geta metið á sjálfstæðan hátt hvaða úrlausnaraðferð eigi við um raunhæft viðfangsefni er varðar fasteignarétt og leyst úr því m.t.t. til viðurkenndra aðferða lögfræðinnar .

Hæfni

- Að hafa yfirsýn yfir helstu réttarreglur og getu til að nýta þær við úrlausn lögfræðilegra álitafna á sviði fasteignaréttar.

230.5.0.FULL Fullnusturéttarfar

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota

Kennari: Ari Karlsson

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu verður fjallað um helstu reglur fullnusturéttarfars. Meðal þess sem fjallað er um er aðför, kyrrsetning og lögbann, nauðungarsala. Sérstaklega er farið yfir skiptarétt þ.m.t. skipti þrotabúa, dánarbúa og slit félaga

Lærdómsviðmið

Þekking

- Nemendur hafi greinargóða þekkingu á helstu reglum íslensks fullnusturéttarfars.
- Nemendur þekki sérstaklega þá þætti sem varða sérreglur um fjármálafyrirtæki, s.s. gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga.

Leikni

- Nemandi geti beitt reglum fullnusturéttarfars við úrlausn raunhæfra verkefna.

Hæfni

- Nemandi geti nýtt þekkingu úr námskeiðinu við lögfræðistörf á réttarsviðinu.

Námskeiðslýsing yfirfarin af kennara og uppfærð 26. október 2018

230.10.0.EREF Einkamálaréttarfar

ECTS: 10

Kennari: Einar Karl Hallvarðsson

Önn og lengd: Vorönn, löng lota

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu verður fjallað um réttarreglur er varða dómstólaskipan og meðferð einkamála. Áhersla verður lögð á meginreglur einkamálaréttarfars, hlutverk og skipan dómstóla, dómendur, lögsögu dómstóla, aðild, sakarefni, stefnur og greinargerðir (þ. á. m. kröfugerðir). Farið verður yfir reglur um málsmeðferð í einkamálum almennt, sönnunarfærslu fyrir dómi og fjallað um úrlausnir dómstóla. Nokkuð verður fjallað sérdómstóla og um málskot til Hæstaréttar.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Að hafa skilning og þekkingu á hlutverki og skipan íslenskra dómstóla.
- Nemendur eiga að geta greint íslenska dómskerfið og áttað sig á hvar, hvernig og á grundvelli hvaða málsmeðferðarreglna mál verða borin undir dómstóla.
- Að hafa skilning og þekkingu á meðferð einkamáls allt frá undirbúningi málshöfðunar til þess er endanlegur dómur liggur fyrir. Nemendur öðlist þar með þekkingu á helstu atriðum sem á reynir við meðferð einkamáls. Nemendur eiga einnig að geta greint dómafordæmi af meiri nákvæmni og þekkingu.

Leikni

- Geti gert úr garði stefnu og greinargerð, leyst úr álitamálum sem upp koma við rekstur einkamáls, sönnunarfærslu og samningu dóma.

Hæfni

- Að geta tekist á við úrlausn raunhæfra verkefna á sviði einkamálaréttarfars.

230.5.0.STYF Stofnun, samruni og yfirtaka fyrirtækja

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota

Kennari: Helga Kristín Auðunsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Fjallað er um réttarreglur á sviði íslensks félagaréttar. Rifjaðar upp grunnreglur réttarsviðsins, þróun í notkun rekstrarforma. Kynnt álitamál sem upp kunna að koma í rekstri, einkum hluta- og einkahlutafélaga. Ýmis svið hlutafélagaréttar, þar með talið stofnun félaga, breytingu á hlutafé, slit, samruna, skiptingu og endurkaupum félaga á eigin hlutafé. Farið yfir heimildir félaga til að greiða eigendum fjármuni og helstu reglur um viðskipti eigenda við eigin félög. Lögð er áhersla á að skýra tengsl og skörun félagaréttar við önnur réttarsvið svo sem skattarétt og samkeppnisrétt. Fjallað um kaup og sölu fyrirtækja. Kynnt vinnulag og ferli við kaup og sölu fyrirtækja, notkun trúnaðaryfirlýsinga (e. NDA), rammamninga (e. Term Sheet), kaupsamninga (e. SPA). Fjallað er um helstu leiðir við fjármögnun fyrirtækjakaupa svo sem skuldsettar yfirtökur, um áreiðanleikakannanir (e. Due Diligence), ferli við framkvæmd þeirra og hvernig þær nýtast verkkaupum og öðrum hagsmunaaðilum.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Gera grein fyrir og flokka helstu form rekstrar í íslensku atvinnulífi
- Útskýra ferli við stofnun og slit hluta- og einkahlutafélaga
- Bera saman helstu sjónarmið við breytingar á hlutafé (hækkun og lækkun)
- Fjalla um reglur og sjónarmið við samruna og skiptingu hluta- og einkahlutafélaga
- Ræða um samspils félagaréttar við önnur réttarsvið, svo sem skatta- og samkeppnisrétt
- Miðla helstu þáttum sem þarf að huga að við kaup og sölu fyrirtækja
- Sýna innsýn í ferli við gerð áreiðanleikakannana og skilning á mikilvægi slíkra kannana.

Leikni

Nemandi geti

- greint á milli helstu einkenna hinna ýmsu rekstrarforma
- geti sinnt skjalagerð og sett upp stofnskjöl félaga
- geti sinnt ráðgjöf og vali á leiðum við greiðslur til eigenda félaga
- geti sinnt skjalagerð í tengslum við kaup og sölu fyrirtækja
- geti tekið þátt í gerð áreiðanleikakannana.

Hæfni

Nemandi

- geti nýtt þekkingu sína á réttarsviðinu, til að taka þátt í ákvarðanatöku eða ráðgjöf um þau málefni sem fjallað verður um á námskeiðinu.

230.5.0.SAMN Samningagerð

ECTS: 5

Önn og lengd: haustönn, stutt lota

Kennari: Atli Björn Þorbjörnsson

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Fjallað er um samningagerð á hagnýtan hátt. Farið yfir helstu samninga sem notaðir eru í viðskiptalífinu, s.s. kaupsamninga, fjármögnunarsamninga af ýmsu tagi og samninga þeim tengdum. Markmið námskeiðsins er að nemendur fái yfirsýn yfir hefðbundin samningsákvæði, af hverju og hvernig þau eru gerð og verða til, þannig að nemendur öðlist skilning á aðferðum til að undirbúa og útbúa vandaða samninga.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Nemandi skilji og geti beitt viðurkenndum aðferðum við að útbúa vandaða samninga.
- Nemandi þekki það hvernig samningar eru búnir til.
- Nemandi geti gert grein fyrir muninum á skýrum og óljósum samningaákvæðum.
- Nemandi geti gert grein fyrir þeim grundvallaratriðum sem tengjast kröfum sem gerðar eru til samningsákvæða.

Leikni

- Nemandi þekki og geti beitt viðurkenndum aðferðum við að útbúa vandaða samninga.
- Nemandi geti nýtt sér þekkingu sína til að búa til einfalda samninga.

Hæfni

- Kemur síðar

236.5.NEGO Samningatækni

ECTS: 5

Önn og lengd: haustönn, stutt lota

Kennari: Aldís Guðný Sigurðardóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu er fjallað á hagnýtan og aðgengilegan hátt um helstu aðferðir og kenningar samningatækni sem notast er við í viðskiptalífinu. Kennsla byggir mikið á raunhæfum verkefnum og dæmum um aðstæður sem geta skapast í samningaviðræðum aðila í viðskiptum. Þá er fjallað á hagnýtan hátt um samningagerð og leiðir sem samningamenn geta farið til að hámarka afkomu sína í samingum.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Þekkja og geta beitt viðurkenndum aðferðum í samningatækni.
- Þekkja og geta útskýrt helstu hugtök sem notast er við í samningatækni.
- Hafa öðlast skilning á mikilvægi þess að beita viðurkenndum aðferðum í samningatækni í því skyni að hámarka árangur í samningaviðræðum.

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um aðferðir í samningatækni.
- Geta leyst raunhæf verkefni þar sem reynir á helstu aðferðum á þessu sviði.
- Hafa öðlast nægilega þekkingu til þess að geta greint úrlausnarefni á þessu sviði.

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um grundvallarsjónarmið sem lýst er í fræðilegum skrifum á sviði samningatækni og samningagerðar.
- Geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga á þessu sviði og nýtt sér þær til þess að greina úrlausnarefni.
- Geta nýtt sér þær aðferðir sem fjallað er um á námskeiðinu í leik og starfi.

Námskeiðslýsing síðast yfirfarin og uppfærð 30. október 2018

230.10.MALF Málflutningur og skjalagerð

ECTS: 10

Önn og lengd: Haustönn, löng lota

Kennarar: Unnar Steinn Bjarndal, Einar Karl Hallvarðsson og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu verður fjallað um málflutning fyrir dómi, undirbúning hans og framkvæmd og um störf dómara, samningu dóma og sönnunarfærslu fyrir dómi. Sett verða upp raunhæf verkefni og nemendum kennt að leysa úr þeim undir leiðsögn kennara sem fást við slík verkefni í daglegum störfum sínum. Allt námskeiðið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir munnlegan málflutning fyrir dómi með gagnaöflun, skrif á greinargerð með lagalegri röksemdarfærslu og lýkur svo með munnlegum málflutningi fyrir héraðsdómi Vesturlands.

Einnig verður fjallað um störf lögmannsins í víðara samhengi svo sem framkomu í fjölmiðlum í tengslum við rekstur dómsmála og sem talsmenn fyrirtækja og hagsmunaaðila í opinberri umræðu.

Lærdómsviðmið - í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Að hafa öðlast reynslu í gagnaöflun, undirbúningi málflutnings og munnlegum málflutningi fyrir dómi um raunhæf úrlausnarefni.
- Með umfjöllun sýnt fram á þekkingu á reglum og venjum sem gilda um opinbera umfjöllun dómsmála.

Leikni

- Geti nýtt lögfræðilega færni sína til þess að tala fyrir málstað umbjóðenda sinna við mismunandi aðstæður.

Hæfni

- Geti nýtt sér þekkingu og reynslu úr þessu námskeiði og öðrum til þess að flytja dómsmál í dómssal um raunverulegt úrlausnarefni sem og þær reglur sem gilda um málsmeðferð fyrir dómi.

236.5.0.MEDI Sáttamiðlun

ECTS: 5

Önn og lengd: haustönn, stutt lota

Kennarar: Dagný Rut Haraldsdóttir og Lilja Bjarnadóttir

Forkröfur: Samningatækni

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Fjallað er um aðferðafræði sáttamiðlunar og notkun sáttamiðlunar til lausnar ágreinings- og deilumála. Markmið er að þjálfa nemendur í að stýra sáttamiðlun og öðlast færni við beitingu verkfæra sem nýtast við lausn ágreiningsmála. Sáttamiðlari hjálpar deiluaðilum að semja um úrlausn ágreinings og því er nauðsynlegt fyrir sáttamiðlara að þekkja undirstöðuatriði í samningatækni.

Lærdómsviðmið - í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Skilji og geti gert grein fyrir aðferðafræði sáttamiðlunar
- Þekki ferli sáttamiðlunar
- Þekki siðareglur sáttamanna
- Geti gert grein fyrir kostum sáttamiðlunar og skilji muninn á milli sáttamiðlunar og annarra úrræða við lausn deilumála

Leikni

- Þekki og geti beitt helstu verkfærum sáttamiðlunar
- Geti greint hvort og hvenær sáttamiðlun á við
- Geti nýtt sér þekkingu sína til þess að leiða sáttamiðlunarferli

Hæfni

- Sé fær um að leiða sáttamiðlun á milli tveggja eða fleiri aðila
- Geti metið kröfur sem gerðar eru til sáttamiðlara hverju sinni
- Sé fær um að meta hvort og hvenær sáttamiðlun eigi við.

230.30.0.MLRG ML ritgerð

ECTS: 30

Önn og lengd: Lokaönn, löng lota

Kennarar: Nemandi óskar eftir leiðbeinanda úr hópi kennara úr félagsvísinda- og lagadeild

Forkröfur:30 ECTS

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Markmið með meistararitgerð er að nemandi velji sér rannsóknarefni í samráði við leiðbeinanda, afli sér gagna og heimilda sem hann/hún vinnur sjálfstætt úr og verji að lokum frammi fyrir dómnefnd fullunna meistararitgerð. Meistararitgerðin hafi fræðilegt gildi sem feli í sér framlag til þess réttarsviðs sem umfjöllunarefnið lýtur að og efli þekkingu og þjálfun nemandans.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Að öðlast dýpri þekkingu á tilteknu réttarsviði.
- Geta túlkað, greint og sett fram í skriflegu máli niðurstöðu í samræmi við viðurkenndar aðferðir lögfræðinnar.

Leikni

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Að geta unnið sjálfstætt með efni undir eftirliti leiðbeinanda.

Hæfni

- Að geta unnið úr réttarheimildir á sjálfstæðan á gagnrýnninn hátt

236.5.0.ALGE Alþjóðlegir gerðardómar

ECTS: 5

Önn og lengd: haustönn, stutt lota

Kennari: Björgvin Halldór Björnsson hdl., LL.M.

Forkröfur: Samningatækni

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Markmið er að kynna fyrir nemendum meginreglur alþjóðlegs réttar gerðardóms og helstu alþjóðasamninga sem réttarsviðinu tengjast. Að auki er fjallað um helstu alþjóðlegu gerðardómastóla og fullnustu úrlausna gerðardóms. Þá er fjallað um ógildingu alþjóðlegra úrlausna gerðardóms og varnir gegn fullnustu þeirra. Einnig eru skoðuð tengsl alþjóðlegs gerðardómsréttar við landsrétt, t.d. lög nr. 54/1989 um sammingsbundna gerðardóma, sérstaklega 14. gr. og lög um aðför nr. 90/1989. Gert er ráð fyrir að eitthvað af námsefni námskeiðsins verði á ensku. Námskeiðið getur gagnast sem góður grunnur undir frekara nám og rannsóknir á réttarsviðinu.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa grunnskilning á því hvernig alþjóðlegur gerðardómsréttur virkar og samspili hans við alþjóðasamninga og landsrétt aðildarríkja slíkra samninga.
- kunna skil á helstu þróunardráttum alþjóðlegs gerðardómsréttar sem og helstu meginreglum réttarsviðsins.

Leikni

- geta metið hvort og hvenær alþjóðlegur gerðardómur eigi við.
- geta metið hagræði/afleiðingar þess að hafa ákvæði um alþjóðlega gerðardóma í samningum.

Hæfni

- geta komið að samningu alþjóðlegra viðskiptasamninga í störfum sínum.
- geta nýtt sér eftir því sem við á þekkingu á alþjóðlegum gerðardómum í störfum sínum fyrir íslensk og alþjóðleg fyrirtæki.

6.2. Valnámskeið

230.5.0.LÖNY Lögfræði og nýsköpun

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Helga Kristín Auðunsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Námskeiðið fjallar um störf lögfræðinga í tæknivæddu samfélagi og hvaða möguleikar eru til nýsköpunar í þjónustulausnum á sviðinu. Í námskeiðinu verður sérstaklega fjallað um erlendar fyrirmyndir sem starfa í nýju umhverfi, til dæmis lögfræðistofuna LegalZoom, Agreement 24 í Svíþjóð og RocketLawyer. Nemendur munu kynna sér fræðsluefni frá Reinventlaw og LawWithoutWalls. Nemendur sem ljúka námskeiðinu munu öðlast þekkingu leikni og hæfni til að rannsaka, greina og koma auga á tækifæri sem fjórða iðnbyltingin hefur á störf lögfræðinga og öðlst færni í að greina hvernig auka aðgengi almennings að lögfræðilegri aðstoð.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemandi öðlist skilning á lagaumhverfi lögfræðinga
- Nemandi öðlist þekkingu á að greina áhrif tækninýjunga á störf lögfræðinga
- Nemandi þekki hvaða áhrif fjórða iðnbyltingin geti haft á starfsumhverfi lögfræðinga

Leikni

- Nemandi öðlist færni í að lesa löggjöf með það að markmiði að fyrirbyggja lögfræðilegan ágreining á síðari stigum.
- Nemandi öðlist færni í að lesa löggjöf með gagnrýnu hugafari og koma auga á með hvaða hætti tæknin getur auðveldað almenningi að fylgja lögnum.
- Nemandi geti nýtt sér þekkingu sína til að koma fram með viðskiptahugmynd á sviði lögfræði

Hæfni

- Nemandi sé fær um að beita viðurkenndum aðferðum við að kynna viðskiptahugmynd á sviði lögfræði sem leysir lögfræðileg álitæfni áður en þau koma til kasta dómstóla.

Námskeiðslýsing síðast yfirfarin af kennara og uppfærð 30. október 2018

230.5.0.VERK Verktaka- og útboðsréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Daníel Isebarn Ágústsson hrl., Bjarki Þór Sveinsson hrl.

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Farið er yfir helstu gildandi þætti um verktöku og útboð. Meðal efnis eru meginreglur er gilda um opinber innkaup, framkvæmd og ferli við útboð og kærurétt vegna útboða. Sérstaklega fjallað um kærunefnd útboðsmála og úrlausnir hennar. Þá er fjallað um helstu lög og reglur sem gilda um verktöku, skyldur verktaka og verkkaupa, galla og skiladrætti og mögulega bótaábyrgð. Jafnframt er farið yfir dóma sem við eiga, þ. á m. gerðardóma og dóma Evrópudómstólsins.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- þekkja helstu réttarheimildir er gilda um opinber innkaup og útboð, hvernig val á tilboði fer fram og mögulegar kæruleiðir þátttakenda sem telja á sér brotið.
- þekkja meginreglur íslensks verktakaréttar, helstu atriði verktakasamninga og skyldur verktaka.
- þekkja afleiðingar og mögulegar úrlausnir vegna skiladráttá, galla eða annarra brota á verktakasamningi.

Leikni

- geta metið hvenær lög um opinber innkaup eigi við og geti auglýst og unnið að framkvæmd útboðs í samræmi við lög og reglur.
- geta unnið að tilboðsgerð f.h. aðila og gætt helstu hagsmuna viðkomandi eftir því sem við á.
- geta útbúið verktakasamning f.h. aðila.

Hæfni

- geta nýtt þekkingu sína á verktaka- og útboðsrétti í lögfræðilegri ráðgjöf hvort heldur sem er hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði.

230.5.0.UMAU Umhverfis- og auðlindaréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Hanna Björg Konráðsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í þessu námskeiði verður farið yfir helstu atriði er varða umhverfis- og auðlindarétt, bæði í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Skoðaðar verða réttarheimildir auðlindaréttar og fjallað verður um fullveldisrétt, forræði ríkja yfir náttúruauðlindum og áhrif EES-samningsins á reglur um eignarhald á auðlindum. Rætt verður um eignarréttarhugtakið og eignaréttindi, stjórnskipulega stöðu náttúruauðlinda skv. íslenskum rétti, almenn sjónarmið íslensks réttar um eignarráð yfir auðlindum og rétti til hagnýtingar og orkulindir og reglur íslensks réttar um eignarétt á þeim. Jafnframt verður farið yfir ráðstöfun ríkisins á rétti til nýtingar á orkulindum, stefnumörkun ríkisins varðandi leigu á réttindum ríkisins, stjórnsýslu leyfisveitinga, veitingu leyfa og stjórnvaldsákvarðanir og öflun orkuréttinda og mati á verðmæti þeirra (einkum í ljósi reynslu framkvæmdaraðila). Fjallað verður í þessu samhengi um umhverfisvernd, umhverfisrétt, sjálfbæra þróun, meginreglur umhverfisréttar, íslenska umhverfislöggjöf og lög um náttúruvernd. Einnig verður rætt um skipulags- og byggingarlöggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um umhverfismat áætlaða og umhverfislöggjöf í dómaframkvæmd Hæstaréttar. Að lokum verður farið yfir eignalega stöðu aflaheimilda og stjórnskipulega stöðu auðlinda, bæði í þjóðareign og í einkaeigu.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemandi þarf að þekkja helstu réttarreglur er fjalla um auðlindir og átta sig á samspili þeirra réttarreglna er lúta að stjórnskipulegri stöðu auðlinda, eignarhaldi og nýtingu þeirra.
- Nemandi átti sig á samspili réttarreglna Evrópska efnahagssvæðisins við íslenskan rétt.
- Nemandi þarf að átta sig á samspili umhverfisréttar við nýtingu orkulinda.
- Nemandi skilji mikilvægi góðrar auðlindastýringar.

Leikni

- Nemandi þarf að geta lýst helstu réttarreglum sem snerta eignarétt, nýtingarrétt og stjórnun á mikilvægustu auðlindum á landi, í jörðu og í sjó.
- Nemandi geti útskýrt hver tengslin eru á milli réttarreglna auðlindaréttar og umhverfisréttar í réttarkerfinu okkar.
- Nemandi skilji megininntak þeirra reglna er gilda um eignarráð yfir náttúruauðlindum á landi og átti sig á því hvernig eignarráðin eru afmörkuð

- Nemandi átti sig á þeim meginreglum sem gilda um öflun leyfa til auðlindarannsókna og nýtinga orkulinda.
- Nemandi þekki og geti útskýrt þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við veitingu rannsóknar- og nýtingaleyfa og samþættingu við umhverfissjónarmið og sjónarmið um sjálfbæra þróun. sdfdsf

Hæfni

- Nemandi geti afmarkað og greint á milli lögfræðilegra úrlausnarefna sem reynt getur á í tengslum við stjórnun auðlinda sem lúta einkaeignarrétti og þeirra auðlinda sem eru í eigu ríkisins eða eru ekki undirorpnar einkaeignarrétti.
- Nemandi geti afmarkað lögfræðileg álitæfni er lúta einkum að eignarrétti, úthlutun opinberra leyfa og réttinda og framkvæmd opinberra reglna, greint þau og rökstutt úrlausn þeirra með vísan til réttarheimilda og lögskýringargagna.

Námskeiðslýsing síðast uppfærð af kennara 21. nóvember 2018

230.5.0.EUVR Evrópskur viðskiptaréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, Valgerður B. Eggertsdóttir.

Forkröfur: Evrópuréttur

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er byggt ofan á þekkingu sem nemendur hafa öðlast í námskeiðinu Evrópuréttur. Fjallað er um hugtök Evrópuréttar og EES-réttar. Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum yfirlit yfir efnisákvæði Evrópsks viðskiptaréttar og varpa ljósi á áhrif hans á íslenskan rétt. Þetta verður gert með því að fara yfir fjórfrelsisreglur EES-samningsins, meginreglur evrópsks samkeppnisréttar, ríkisstyrkjareglur og áhrif Evrópuréttar á skattarétt. Námskeiðið er góður grunnur fyrir frekara nám eða rannsóknarvinnu á sviði Evrópuréttar.

Lærdómsviðmið – nemendur skulu

Þekking

- öðlast yfirsýn yfir fjórfrelsi EES-samningsins; þ.e. frjálsta för fólks, fjármagns, þjónustu og staðfesturétturinn
- kynnast áhrifum samningsins á íslenskan rétt með sérstaka áherslu á viðskiptarétt
- tileinka sér skilning á samkeppnisreglum EES-samningsins og þýðingu fyrir íslenskan rétt
- þekki til mikilvægis reglna um ríkisaðstoð og áhrif þeirra í íslensku samhengi
- öðlast þekkingu á evrópskum skattarétt og áhrifa hans á íslenskan skattarétt

Leikni

- geti beitt aðferðum og verklagi á sérsviðinu
- öðlast þjálfun í og vera fær um að beita á meginreglum EES-réttar
- Hafi öðlast færin í að nýta réttarheimildir Evrópuréttar á ýmsum sviðum
- vera fær um að leysa álitaefni sem tengjast EES-samningnum

Hæfni

- geti beitt þekkingu í starfi og frekari námi
- geta greint frá fræðilegum úrlausnum í áheyrn sérfræðinga og almennings
- geta fjallað um og útskýrt fjórfrelsið á greinargóðan hátt
- geta greint ítarlega frá meginreglum í dómum sem fjallað er um í námsefninu
- Geta staðið skil á efni samkeppnisreglna Evrópuréttar og áhrifa þeirra á íslenskan rétt.

230.5.0.MANN Mannréttindi

ECTS: 5

Önn og lengd: vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Sigurður Örn Hilmarsson

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska / Enska

Fjallað um helstu mannréttindareglur stjórnarskrár Íslands og alþjóðlegra sáttmála. Áhersla á hvernig reglurnar lúta að hagsmunum atvinnulífsins. Fjallað um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, tjáningarfrelsi fyrirtækja og starfsmanna, friðhelgi einkalífs fyrirtækja (og starfsmanna þeirra) m.t.t. sjónarmiða um persónuvernd, auk reglna um réttláta málsmeðferð sérstaklega í tengslum við umfangsmikil sakamál (t.d. mál tengd hruni fjármálakerfisins 2008). Þá verður fjallað um tengsl samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja (Corporate Social Responsibility) við mannréttindareglur. Áhersla er lögð á dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu. Hver nemandi velur lokaverkefni sem ber að skila eigi síðar en á síðasta kennsludegi.

Lærdómsviðmið - í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Hafa öðlast breiðan skilning á mannréttindum sem fræðigrein, þekkja og geta útskýrt helstu mannréttindareglur.
- Hafa greinargóða þekkingu á afmörkuðu sviði mannréttinda að eigin vali.
- Átta sig á samspili íslensks réttar og alþjóðlegra mannréttindasamninga.

Leikni

- Þekkja og beita viðurkenndum aðferðum við heimildavinnu á sviði mannréttinda.

Hæfni

- Geta leitt umræður og hvatt til skoðanaskipta um viðfangsefni námskeiðsins.
- Hafa öðlast færni í að finna og beita lögfræðilegum gögnum og viðurkenndum aðferðum við úrlausn álitæfna.

230.5.0.ORKU Orkumálaréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Hanna Björg Konráðsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska / Enska

Innihald og markmið

Almennur hluti

- Afmörkun réttarsviðsins og helstu hugtök
- Forræði ríkja yfir auðlindum sínum og eignarhald
- Stjórnskipuleg staða auðlinda og almenn sjónarmið um eignarráð yfir auðlindum og takmarkanir á þeim
- Réttur þjóða til að njóta auðlinda sinna.

Auðlindir á landi og í jörðu og í hafi

- Eignarráð yfir náttúruauðlindum og takmarkanir á þeim
- Ráðstafanir ríkisins á rétti til nýtingar á orkulindum
- Lagaumhverfi nýtingar á auðlindum.
- Áhrif EES samningsins á íslenskan auðlindarétt
- Almennt um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og orkustefnu Evrópusambandsins
- Meginreglur innri markaðarins
- Skyldur íslenska ríkisins til að tryggja samræmda beitingu reglna EES- samningsins í íslenska löggjöf
- Togstreitan um skipan eignarréttar yfir auðlindum

Markaðsumhverfi auðlindamála

- Almennt um markaðsumhverfi auðlindamála
- Orkumarkaður – áhrif EES samningsins á Orkumál
- Raforkumarkaður – áhrif EES samningsins á raforkulög
- Vatnsveita
- Hitaveita
- Önnur takmörkuð gæði

Áhrif umhverfis- og skipulagsstefnu á orkunýtingu á Íslandi

- Lagaumhverfi verndar
- Umhverfis- og skipulagsmálefni
- Orkulindir og sjálfbærni
- Samspil náttúruverndarstefnu og orkunýtingar

- Umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmda
- Leyfisveitingarferli frá umsókn til nýtingar
- Rammaáætlun, lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.
- Skipuleg nýting í samræmi við landkosti, hagsmuni sveitarf. og íbúa þeirra.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Nemandi þarf að þekkja helstu réttarreglur er fjalla um auðlindir og átta sig á samspili þeirra réttarreglna er lúta að stjórnskipulegri stöðu auðlinda, eignarhaldi og nýtingu þeirra.
- Nemandi átti sig á samspili réttarreglna Evrópska efnahagssvæðisins við íslenskan rétt.
- Nemandi hafi grunnþekkingu á lagaumhverfi og stofnanakerfi Evrópusambandsins sem snúa að orkumálum.
- Nemandi þarf að átta sig á samspili umhverfisréttar við nýtingu orkulinda.
- Nemandi skilji mikilvægi góðrar auðlindastýringar.
- Nemandi fái heildarsýn á ferli stjórnvalda við leyfisveitingar og aðkomu stjórnvalda að framkvæmdum sem snerta auðlindanýtingu.

Leikni

- Nemandi þarf að geta lýst helstu réttarreglum sem snerta eignarrétt, nýtingarrétt og stjórnun á mikilvægustu auðlindum á landi, í jörðu og í sjó.
- Útskýrt hver tengslin eru á milli réttarreglna auðlindaréttar og þjóðarréttar í réttarkerfinu okkar.
- Nemandi skilji megininntak þeirra reglna er gilda um eignarráð yfir náttúruauðlindum á landi og átta sig á því hvernig eignarráðin eru afmörkuð
- Nemandi öðlist færni í formlegum undirbúningi framkvæmda og geti beitt þeim meginreglum sem gilda um öflun leyfa til orkurannsókna og nýtinga orkulinda.
- Nemandi öðlist skilning á samspili löggjafar sem varða framkvæmdir og geti útskýrt þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar við veitingu rannsóknar- og nýtingaleyfa.

Hæfni

- Nemendur eiga að geta leyst sjálfstætt úr þeim lagalegum álitaeftum sem kann að reyna á á sviði stjórnsýsluréttar, umhverfisréttar – og skipulagslöggjafar og sértækrar auðlindalöggjafar þegar framkvæmd er í undirbúningi.
- Afmarkað og leist úr lögfræðilegum úrlausnareftum sem reynt getur á í tengslum við stjórnun auðlinda sem lúta einkaeignarrétti og þeirra auðlinda sem eru í eigu ríkisins eða eru ekki undirorpnar einkaeignarrétti.

225.5.0.ALSK Alþjóðlegur skattaréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: KPMG (umsjón – Ása Kristín Óskarsdóttir og Vilmar Freyr Sævarsson)

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Efni námskeiðs er skipt í þrjá hluta. Fyrst er fjallað um viðfangsefni og markmið reglna alþjóðlegs skattaréttar. Fjallað um réttarheimildir á sviðinu, samspil landsréttar, Evrópuréttar og reglna alþjóðlegra samninga, þ.e. tvísköttunarsamninga og annarra samninga á sviði skattaréttar. Í öðrum hluta eru skoðuð ákvæði laga um fulla og takmarkaða skattskyldu og aðrar reglur sem reynir á við skattlagningu þeirra sem heyra undir fleiri en eina lögsögu. Þá er efni tvísköttunarsamninga sem gerðir eru að fyrirmynd OECD; fjallað um uppbyggingu, meginmarkmið og aðferð við túlkun þeirra. Farið er yfir helstu reglur um skiptingu skattlagningaréttar á grundvelli þeirra og aðferðir sem notaðar eru til að komast hjá tvísköttun. Bæði er fjallað um skattlagningu einstaklinga og atvinnurekstrar. Í þriðja hluta eru afmörkuð efni sem tengjast vandamálum við skattlagningu fjölþjóðlegra fyrirtækja og fjárfestinga í fleiri löndum, þ.e. reglur um lága eiginfjármögnun, þvingaða samsköttun og milliverðlagsreglur (námskeiðslýsing er sett fram með fyrirvara um breytingar).

Lærdómsviðmið

Þekking

Nemendur

- hafi greinargóðan skilning á eðli þeirra viðfangsefna sem reynir á í alþjóðlegum skattarétti.
- skilji og geti greint frá grundvallarsjónarmiðum sem reynir á við úrlausn viðfangsefna í alþjóðlegum skattarétti og því samspili réttarheimilda sem reynir á.
- hafi öðlast skilning á og geti greint frá viðfangsefnum og aðferðum sem notaðar eru til að bregðast við skattaflótta og skaðlegri skattasamkeppni og hvaða takmörkunum þær eru háðar.

Leikni

- Nemendur séu færir um að túlka tvísköttunarsamninga og leysa tilviks (raunhæf) verkefni sem lúta að skiptingu skattlagningaréttar varðandi tegundir tekna sem fjallað hefur verið um og vera vel í stakk búin til að setja sig inn önnur eðlislík viðfangsefni.

Hæfni

- Nemendur hafi yfirsýn yfir samspil reglna ESB/EES samningsins og innlendarar löggjafar þegar skattalögin eru túlkuð.

230.5.0.HUGV Hugverka- og persónuréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Vigdís Sigurðardóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Farið er yfir grundvallar þætti þriggja undirgreina hugverkaréttar: höfunda-, vörumerkja- og einkaleyfaréttar. Fjallað er um andlag réttarverndar, inntak verndarinnar, rétthafa, brot gegn rétti rétthafa og takmarkanir á þeim rétti.

Farið er í fyrirkomulag og skilyrði skráningar þar sem við á. Einnig eru skoðaðir nýlegir dómar og önnur tengd málefni úr brennidepli á sviðinu undanfarið. Þá eru krufin grundvallarhugtök persónuverndar og þýðing helstu reglna á sviði persónuverndar. Loks er tæpt á nýjum evrópskum reglum um persónuvernd.

Lærdómsviðmið

Þekking

Nemendur skulu

- geta gert grein fyrir og notað helstu hugtök á sviði höfundaréttar, vörumerkjaréttar, einkaleyfaréttar og persónuverndar.
- vita hvaða stofnanir bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem fjallað er um í námskeiðinu og hvert þeirra hlutverk er.
- geta gert grein fyrir meginreglum á sviði höfundaréttar, vörumerkjaréttar, einkaleyfaréttar og persónuverndar ásamt tilgangi laganna.

Leikni

Nemendur skulu

- geta greint álitaefni á sviði hugverkaréttar og persónuverndar og leyst úr þeim á grundvelli viðeigandi réttarheimilda.
- geta leiðbeint umbjóðendum og ráðlagt þeim um hvernig skuli vernda hugverk þeirra, eftir atvikum með skráningu.
- geta borið fram formlega kvörtun við rétt stjórnvald á sviði vörumerkjaréttar, einkaleyfaréttar og persónuverndar.

Hæfni

Nemendur skulu

- geta tekið virkan þátt í umræðum um álitaefni á sviði hugverkaréttar og persónuverndar með viðeigandi hugtakanotkun.
- geta skrifað greinargóðan fræðilegan texta á sviði hugverkaréttar og persónuréttar.

230.5.0.HALO Hagfræði og lög

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: NN

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um ólík réttarsvið í tengslum við hagfræði. Í upphafi er fjallað um grunnþætti lögfræðinnar og lagastofnana sem og hagfræði og umgjörð hagkerfa. Meðal þess sem farið er yfir er hagfræði eignarréttar, hagfræði skaðabótaréttar, hagfræði samningsréttar og hagfræði refsiréttar. Rætt er um hvernig lögmál og sjónarmið hagfræðinnar tengjast löggjöf og álitamálum á sviði lögfræði. Jafnframt er fjallað um stofnanir innan efnahagslífsins og hvaða áhrif lög og reglur hafa á hagkvæmar og skilvirkar niðurstöður á einstökum sviðum atvinnulífsins.

Lærdómsviðmið

Þekking

- Kunna skil á sambandi lögfræði og hagfræði.
- Skilja og geta unnið með upplýsingar sem tengjast lögfræðilegri og hagrænni sýn á stofnanir efnahagslífsins.

Leikni

- Geta beitt hagfræðilegum sjónarhornum til skýringar á lögfræðilegum álitaeftum, flokkað eftir sérsviðum lögfræðinnar.

Hæfni

- Vera færir að beita kenningum í lögfræði og hagfræði í fræðilegu samhengi og í daglegu starfi og geta greint þar á milli.

Námskeiðslýsing síðast uppfærð 25. október 2018

225.5.0.EFSK Efnahags- og skattalagabrot

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: NN

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Á námskeiðinu er fjallað um lagaumhverfi og réttarreglur sem gilda um efnahags- og skattalagabrot. Á námskeiðinu eru lykilhugtök skilgreind og útskýrt m.t.t. réttarframkvæmdar á þessu sviði. Fjallað er um flokkun brotategunda og brotaflokka. Fjallað er um meginreglur refsiréttar sem snúa að brotaflokkunum. Fjallað er um auðgunarásetning og skilgreiningu hagnaðar- og fjármunabrots. Tengsl brota í þessum brotaflokki við brot sem falla undir aðra brotaflokka.

Lærdómsviðmið

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Þekkja og geta útskýrt helstu hugtök sem notuð eru í umfjöllun um brot í þessum brotaflokkum.
- Kunna skil á helstu lögum og réttarreglum sem gilda um brot í þessum málaflokkum.

Leikni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um réttarreglur á þessu sviði og dómsniðurstöður.
- Geta leyst raunhæf verkefni þar sem reynir á réttarreglur á þessu sviði.
- Hafa öðlast nægilega þekkingu til þess að geta sinnt störfum lögfræðinga á þessu sviði.

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um grundvallarsjónarmið sem lýst er í fræðilegum skrifum á þessu réttarsviði.
- Geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga á þessu sviði og nýtt sér þær til þess að greina úrlausnarefni.

Námskeiðslýsing síðast uppfærð 25. október 2018

225.5.0.VASK Virðisaukaskattur

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Ingibjörg Ingvadóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið: Diplóma í skattarétti

Valnámskeið: ML / MBL / Diplóma í fyrirtækjalögfræði 60 ECTS / Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun

Innihald og markmið

Farið yfir helstu reglur yfir virðisaukaskatt. Einkum reglur sem gilda um innlenda starfsemi en einnig varðandi innflutning og útflutning.

Fjallað er m.a. um skattskyldusvið, skattskylda aðila, skráningar á virðisaukaskattsskrá, skatthlutfall, skattskylda veltu, skattverð, bókhald og tekjuskráningu, framtal, skil og uppgjör. Þá er farið í sérreglur s.s. um leiðréttingu innskatts, skattlagningu ökutækja, byggingastarfsemi, byggingar og útleigu fasteigna, skattlagningu opinberra aðila, skatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana auk sérstakra endurgreiðslna.

Vikið er að skattlagningu erlendra aðila á Íslandi og vandamálum tengdum þjónustu milli landa og alþjóðlegum reglum á sviði virðisaukaskatts. Nemendur öðlast greinargóða þekkingu á íslenskum virðisaukaskattsrétti, auk þess að átta sig á eigin takmörkum og hvenær leita beri til sérfróðari aðila.

Lærdómsviðmið - í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi:

Þekking

- Fjallað um helstu réttarheimildir, lögskýringargögn, hugtök og meginreglur í virðisaukaskatti.
- Gert grein fyrir, rætt og útskýrt reglur á einstökum sviðum virðisaukaskatts, sem farið er yfir í námskeiðinu.
- Reifað stuttlega helstu dóma og úrskurði sem tengjast umfjöllunarefnum námskeiðsins.

Leikni

- Geti beitt helstu réttarheimildum og lögskýringagögnum virðisaukaskatts á hagnýtan og vandaðan hátt við úrlausn álitamála.

Hæfni

- Geti nýtt þekkingu sína og leikni í virðisaukaskattsrétti í lögfræðilegri ráðgjöf.

230.5.0.KAUR Kauphallarréttur

ECTS: 5

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota (ath. námskeiðið er kennt annað hvert ár)

Kennari: Helga Kristín Auðunsdóttir

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um lagaumhverfi og réttarreglur sem gilda á sviði kauphallarréttar. Fjallað er um reglur sem gilda um opinber hlutafélög, skipulagða verðbréfamarkaði og kauphallir. Fjallað er um stjórnarhætti fyrirtæka, samruna og yfirtökur félaga, fjármögnun þeirra o.fl. Stefnt er að því að efnið verði sett fram með hagnýtum hætti þannig að nemendur öðlist færni í því að vinna með réttarreglur á þessu sviði. Einnig er fjallað um skipulega og óskipulega markaði, og viðskipti á þeim. Farið er yfir reglur um verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði, réttarstöðu verðbréfafyrirtækja og viðsemjenda þeirra, reglur um almenn útboð verðbréfa, útboðslýsingar og ábyrgð á þeim, eftirlit með verðbréfamarkaði og skyldur sem fylgja opinberri skráningu.

Lærdómsviðmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að ...

Þekking

- Þekkja og geta útskýrt helstu hugtök sem notuð eru í fræðilegri umfjöllun á þessu sviði.
- Kunna skil á helstu lögum og réttarreglum sem gilda um skipulagða verðbréfamarkaði og kauphallir.
- Kunna skil á þeim reglum sem gilda um samstæður í íslenskum rétti.

Leikni

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um réttarreglur á þessu sviði og dómsniðurstöður.
- Geta leyst raunhæf verkefni þar sem reynir á réttarreglur á þessu sviði.
- Hafa öðlast nægilega þekkingu til þess að geta greint lögfræðileg úrlausnarefni á þessu sviði.

Hæfni

- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um grundvallarsjónarmið sem lýst er í fræðilegum skrifum á þessu réttarsviði.
- Geta aflað sér nauðsynlegra upplýsinga á þessu sviði og nýtt sér þær til þess að greina úrlausnarefni.